

Minjastofnun Íslands

Ársskýrsla 2014



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland



Ljósmynd á forsíðu
Steypujárnshandrið við Gamla apótekið á Akureyri

© 2016
Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

Minjastofnun Íslands
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Iceland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Efnisyfirlit

1.	Ávarp forstöðumanns	4
2.	Um stofnunina	6
2.1	Skipurit	6
2.2	Stefnumótunarvinna 2014	6
2.3	Mannauðsmál	7
2.3.1	Sumarstarfsmenn	7
2.4	Ráðgefandi nefndir	7
2.4.1	Fornminjanefnd	8
2.4.2	Húsafriðunarnefnd	8
3.	Fjármál	9
3.1	Minjastofnun Íslands	9
3.2	Fornminjasjóður	9
3.3	Húsafriðunarsjóður	10
3.4	Atvinnuskapandi styrkir til verndunar menningarminja	11
4.	Rannsóknir og miðlun	11
4.1	Rannsóknir	12
4.2	Miðlun	13
4.2.1	Kortavefsjá	13
4.2.2	Útgáfa	13
5.	Inn- og útflutningur menningarminja	14
6.	Umhverfi og skipulag	15
7.	Verndun og friðlýsingar	17
7.1	Úttektir á sviði húsverndar	17
7.2	Friðlýsingar	17
7.3	Tillögur um friðlýsingu	18
7.4	Endurskoðun friðlýsingarskrár	20
8.	Samstarfsverkefni	21
8.1	Innlend verkefni	21
8.1.1	Samvinna	21
8.1.2	Kirkjur Íslands	22
8.1.3	Nefndir	22
8.2	Erlend verkefni	23
9.	Minjasvæðin	25
9.1	Reykjavík og nágrenni	25
9.2	Reykjanes	25
9.3	Vesturland	27
9.4	Vestfirðir	28

9.5	Norðurland vestra	29
9.6	Norðurland eystra	30
9.7	Austurland	31
9.8	Suðurland.....	32
10.	Sjóðir	33
10.1	Fornminjasjóður.....	33
10.2	Húsafriðunarsjóður	33
11.	Starfsmenn	35

1. Ávarp forstöðumanns

Mér verður hugsað til þess flesta daga ársins hve heppin ég er með þann mannauð sem vinnur með mér hjá Minjastofnun Íslands. Þetta er ósérhlífið fólk, vel að sér og það leggur sig fram alla daga við að leysa málin á sem farsælastan hátt fyrir íslenska minjavernd og þá hagsmunaaðila sem leita til stofnunarinnar. Á árinu 2014 héldu þrír starfsmenn Minjastofnunar Íslands til annarra starfa: Gunnar Bollason verkefnastjóri, Inga Sóley Kristjónudóttir minjavörður Austurlands og Sólborg Una Pálsdóttir deildarstjóri. Öll höfðu þau unnið einstaklega vel fyrir minjavernd á Íslandi um árabil og eru þeim þökkud góð störf. Við keflunum tóku Ásta Hermannsdóttir verkefnastjóri, Oddgeir Isaksen verkefnastjóri og Rúnar Leifsson minjavörður Austurlands og hefur samstarfið við þau verið sérstaklega ánægjulegt og gjöfult. Með nýju fólki verða til ný verkefni og meðal þess sem verið er að efla eru miðlunarþáttur Minjastofnunar Íslands og skráningarhlutverk hennar. Á árinu 2013 hófst vinna við stefnumótun stofnunarinnar með aðstoð sérfræðinga frá Capacent. Haldið var áfram með stefnumótunarvinnuna á árinu 2014. Starfsmaður var ráðinn til að halda sérstaklega utan um verkefnið, sem beindist nú fyrst og fremst að þeim málaflokkum sem stofnunin fer með samkvæmt lögum. Stefna málaflokkanna var unnin í samvinnu við ráðgjafarnefndir stofnunarinnar, húsafriðunarnefnd og fornminjanefnd, og með aðstoð sérfræðings frá Hagvangi. Áttum við góða og gagnlega stefnumótunarfundi með hagsmunaaðilum um allt land þar sem málefni minjaverndar á Íslandi voru reifuð. Á árinu var einnig skipað í átta minjaráð með 48 fulltrúum af öllu landinu. Starfsemi þeirra hefur farið hægt af stað þar sem nokkur tími hefur farið í að móta verksemi minjaráðanna. Við fengum einnig ánægjulega heimsókn á árinu þegar Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra og starfsmenn menningararfsskrifstofu forsætisráðuneytis komu og kynntu sér starfsemi stofnunarinnar. Minjastofnun Íslands starfar samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Hún leggur einnig áherslu á erlenda samvinnu og að fylgjast vel með því sem er að gerast í málaflokknum í nágrannalöndunum. Auk þess sem stuðst er við íslenska lagabálka um málaflokkinn er leitast við að starfsemin sé í samræmi við þær samþykktir sem Ísland hefur undirritað á alþjóðlegum vettvangi. Fjallað er ítarlegar um erlend samskipti stofnunarinnar síðar í ársskýrslunni. Lögð er áhersla á að Ísland sé sýnilegt á erlendum vettvangi minjavörslunnar. Starfsmaður í Reykjavík situr í stjórn EAC (European Archaeological Council) og minjavörður Austurlands situr í stýrihóp um evrópska menningarminjadaginn. Á vettvangi EAC tók Minjastofnun þátt í verkefni sem fólst í útgáfu á stöðlum og gerð leiðbeininga um bestu starfsvenjur við gagnavörslu fornleifarannsóknna í Evrópu. Staðlarnir, sem voru þýddir á íslensku, voru gefnir út árið 2013 og eru þeir nú í notkun hjá söfnum á Íslandi. Sem hluti af tengslamyndun erlendis og endurmenntun starfsmanna var farið í kynningarferð til Skotlands í apríl. Við kynntum okkur einkum skráningarmál fornleifa, húsa og mannvirkja og varðveislu strandminja, en Skotar eru mjög framarlega á því sviði. Vegna stefnumótunarvinnu og mikilla fundarhalda var ákveðið að flytja ársfund Minjastofnunar yfir á árið 2015 og var haldin ráðstefna um strandminjar í hættu í upphafi árs 2015 í samvinnu við Fornleifafélag Súgfirðinga og áhugamannafélag um strandminjar.



Kristín Huld
Sigurðardóttir
furstöðumaður
Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands er ekki einungis lánsöm yfir þeim mannauði sem starfar hjá stofnuninni heldur einnig vegna íslenskra áhugamanna og sérfræðinga um minjavernd sem við eigum í samskiptum við og erlends tenglanets sem við höfum byggt upp og erum sífellt að bæta. Öllu þessu fólki er þakkað fyrir gott samstarf og fyrir að gera starfið okkar enn gagnlegra fyrir íslenskt samfélag en það annars væri.

Kristín Huld Sigurðardóttir

Kristín Huld Sigurðardóttir
forstöðumaður




*Forsætisráðherra og
starfsfólk skrifstofu
menningararfs í
forsætisráðuneyti komu í
heimsókn á
Minjastofnun 2. apríl.
F.v. Margrét
Hallgrímsdóttir, Hildur
Jónsdóttir, Kristín Huld
Sigurðardóttir og
Sigmundur Davíð
Gunnlaugsson,
forsætisráðherra.*

2. Um stofnunina

2.1 Skipurit

Starfsemi Minjastofnunar skiptist í fjögur svið: Skrifstofusvið, minjavarðasvið, rannsókn- og miðlunarsvið og umhverfis- og skipulagssvið.



Þessi svið ganga öll þvert á hvert annað enda krefjast flest verkefni stofnunarinnar aðkomu fleiri en eins sviðs. Teymin eru samsett af fulltrúum mismunandi sviða og eru kölluð saman eftir þörfum.

2.2 Stefnumótunarvinna 2014

Í október 2014 hófst vinna við mótun stefnu í minjavernd á Íslandi til fimm ára. Haldnir voru átta opnir umræðufundir um allt land þar sem fólki bauðst að mæta og koma skoðunum sínum á framfæri í upphafi ferlisins. Alls mættu 147 á þessa fundi. Einnig var send út skoðanakönnun sem 225 manns svöruðu og voru niðurstöður hennar og umræðufundanna ómetanlegt innlegg í stefnumótunina. Að auki voru haldnir sérfundir með ákveðnum hópum hagsmunaaðila sem mikilvægt var að fá að borðinu til skoðanaskipta á fyrstu stigum. Minjastofnun vinnur stefnuna í samstarfi við húsafriðunarnefnd og fornminjanefnd og er stefnt á að hún komi út í byrjun árs 2016.

2.3 Mannauðsmál

Starfsmenn stofnunarinnar árið 2014 voru 14 á sex starfsstöðvum: Reykjavík, Stykkishólmi, Sauðárkróki, Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi.

Þrír starfsmenn létu af störfum á árinu. Öll höfðu þau unnið lengi hjá minjavörslunni og skilað góðu starfi:

Gunnar Bollason verkefnisstjóri í Reykjavík, en hann hafði unnið að skráningu minningarmarka í kirkjugörðum landsins og varðveislu minja í görðunum. Auk þess hafði hann ritað fjölda greina í ritið *Kirkjur Íslands*.

Inga Sóley Kristjónudóttir gegndi starfi minjavarðar Austurlands um árabíl með aðsetur á Egilsstöðum.

Sólborg Una Pálsdóttir deildarstjóri skráningarmála mótaði m.a.

skráningarstaðla vegna fornleifa sem stofnunin styðst við. Þeim eru öllum þökkuð góð störf í þágu minjavörslunnar.

Ráðnir voru þrír starfsmenn í þeirra stað:

Ásta Hermannsdóttir MA í fornleifafræði sem sinnir miðlunarmálum og vinnu í tengslum við stefnumótun og hefur hún aðsetur í Reykjavík.

Oddgeir Isaksen MA í fornleifafræði sem stýrir skráningarmálum stofnunarinnar og uppbyggingu vefsjár. Aðsetur hans er í Reykjavík.

Rúnar Leifsson MA í fornleifafræði er nýr minjavörður Austurlands með aðsetur á Egilsstöðum. Eru þau boðin velkomin til starfa.

Már Einarsson MA í bókasafns- og upplýsingafræðum var ráðinn tímabundið í fjóra mánuði til að móta með stofnuninni nýtt skjalavistunarkerfi vegna færslu gagna stofnunarinnar úr skjalavistunarkerfinu Go-pro yfir í Gro-pro.net.

2.3.1 Sumarstarfsmenn

Minjastofnun Íslands réð einn sumarstarfsmann árið 2014 og fékk til þess stuðning frá Vinnumálastofnun. Niels Pálmi Skovsgaard var ráðinn, í samvinnu við sóknarnefnd Þingeyrarkirkju, í tvo mánuði til að sinna staðarvörslu á Þingeyrum í Húnaþingi.

2.3.2 Starfsmannaferð til Skotlands

Starfsfólk Minjastofnunar fór í vinnu- og skemmtiferð til Skotlands dagana 6.–10. apríl. Afar metnaðarfull dagskrá fól meðal annars í sér heimsókn á aðalskrifstofur minjavörslu Skotlands, Historic Scotland og RCAHMS í Edinborg, ferð til St. Andrews þar sem miðbærinn var skoðaður auk þess sem kynnt var verkefni þar sem áhugafólk er fengið til liðs við minjavörslu til að skrá og fylgjast með minjum í hættu við sjávarsíðuna og síðast en ekki síst skoðunarferð um The Lighthouse í Glasgow.

2.4 Ráðgefandi nefndir

Minjastofnun Íslands nýtur ráðgjafar tveggja nefnda: fornminjanefndar og húsafríðunarnefndar og að auki kveða lög á um að skipa skuli ráðgefandi minjaráð mönnum hagsmunaaðilum frá minjasvæðunum.

2.4.1 Fornminjanefnd

Í nefndinni sátu við upphaf árs:

- Þórhallur Þráinsson formaður, skipaður án tilnefningar,
- Sandra Sif Einarsdóttir varaformaður, tilnefnd af félagi fornleifafræðinga,
- Halldóra Ásgeirsdóttir tilnefnd af Félagi norrænna forvarða,
- Hulda Proppé tilnefnd af Rannís,
- Pétur Ólafsson tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Varamenn:

- Guðmundur Hálfðánarson skipaður án tilnefningar,
- Oddgeir Isakssen tilnefndur af félagi fornleifafræðinga,
- Þórdís Anna Baldursdóttir tilnefnd af Félagi norrænna forvarða,
- Eiríkur Stephensen tilnefndur af Rannís,
- Kristín Þórðardóttir tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Skipunartímabil er frá 15. febrúar 2013 til 14. febrúar 2017.

Um mitt ár tók Kristín Þórðardóttir sæti sem aðalmaður í nefndinni í stað Péturs Ólafssonar þar sem hann hvarf til annarra starfa.

Kostnaður af starfsemi fornminjanefndar greiðist úr fornminjasjóði.

Auk vinnufunda 25. og 26. febrúar vegna umsagna um styrkumsóknir voru fimm formlegir fundir haldnir á árinu 2014.

2.4.2 Húsafriðunarnefnd

Í nefndinni sátu við upphaf árs:

- Magnús Skúlason formaður, skipaður án tilnefningar,
- Hanna Rósa Sveinsdóttir skipuð án tilnefningar,
- Júlíana Gottskálksdóttir tilnefnd af Arkitektafélagi Íslands,
- Margrét Þormar tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
- Jón Sigurpálsson tilnefndur sameiginlega af ICOMOS, ICOM og FÍSOS.

Varamenn:

- Snorri Freyr Hilmarsson skipaður án tilnefningar,
- Sigríður Sigurðardóttir skipuð án tilnefningar,
- Magnús Karel Hannesson tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
- Sigurður Einarsson tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands,
- Sigríður Björk Jónsdóttir tilnefnd sameiginlega af ICOMOS, ICOM og FÍSOS.

Nefndin hélt sjö fundi á árinu, alla að Suðurgötu 39 í Reykjavík.

Kostnaður af starfsemi húsafriðunarnefndar greiðist úr húsafriðunarsjóði.

Vinnufundir nefndarinnar vegna styrkumsókna voru haldnir dagana 10., 11. og 12. febrúar þar sem farið var yfir styrkumsóknir til húsafriðunarsjóðs árið 2014 og samþykkt umsögn til Minjastofnunar.

Húsafriðunarnefnd fór í ferð um Kópavog, Garðabæ, Álftanes og Hafnarfjörð í byrjun október ásamt starfsmönnum Minjastofnunar.

3. Fjármál

3.1 Minjastofnun Íslands

Árið 2014 varð afgangur af þeim fjárheimildum sem Minjastofnun Íslands hafði verið úthlutað á árinu. Nokkur verkefni, sem hafin voru á árinu 2014 og gert hafði verið ráð fyrir að yrði lokið fyrir árslok, drógust fram á árið 2015. Fyrir vikið skilaði sér ekki allur kostnaður vegna þeirra á árinu 2014 heldur kom hluti hans inn á árið 2015. Rekstrarafgangur stofnunarinnar fékkst því fluttur á milli ára til hækkunar höfuðstóls árið 2015.

Rekstrarreikningur 2014		
Minjastofnun Íslands		
Tekjur		
Sértekjur		18.587.246
Markaðar tekjur		0
Aðrar rekstrartekjur		0
	Tekjur samtals	18.587.246
Gjöld		
Almennur rekstur stofnunar		190.874.524
	Gjöld samtals	190.874.524
Tekjur umfram gjöld		-172.287.278
Framlag úr ríkissjóði til reksturs		189.700.000
	Hagnaður/-tap ársins	17.412.722

3.2 Fornminjasjóður

Afgangur varð af fjárheimildum fornminjasjóðs á árinu 2014. Var hann fluttur óskertur á milli ára til hækkunar höfuðstóls sjóðsins á árinu 2015. Sjá nánar kaflann *Fornminjasjóður* bls. 34.

Rekstrarreikningur 2014		
Fornminjasjóður		
Tekjur		
Sértekjur		0
Markaðar tekjur		0
Aðrar rekstrartekjur		0
	Tekjur samtals	0
Gjöld		
Stofnkostnaður		31.636.412
610 Fornminjasjóður		31.636.412
	Gjöld samtals	31.636.412
Tekjur umfram gjöld		-31.636.412
Framlag úr ríkissjóði		39.600.000
	Hagnaður/-tap ársins	7.963.588

3.3 Húsafriðunarsjóður

Afgangur varð af fjárheimildum húsafriðunarsjóðs á árinu 2014. Var hann fluttur óskertur á milli ára til hækkunar höfuðstóls sjóðsins á árinu 2015. Sjá nánar kaflann [Húsafriðunarsjóður](#) bls. 34.

Rekstrarreikningur 2014		
Húsafriðunarsjóður		
Tekjur		
Sértekjur		49.143.000
Markaðar tekjur		0
Aðrar rekstrartekjur		0
	Tekjur samtals	49.143.000
Gjöld		
Stofnkostnaður		97.434.217
610 Húsafriðunarsjóður		97.434.217
	Gjöld samtals	97.434.217
Tekjur umfram gjöld		-48.291.217
Framlag úr ríkissjóði		57.100.000
	Hagnaður/-tap ársins	8.808.783

Sértekjur í rekstrarreikningi Húsafriðunarsjóðs eru framlög sveitarfélaga sem greiðast úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

3.4 Atvinnuskapandi styrkir til verndunar menningarminja

Í árslok 2013 úthlutaði forsætisráðuneytið samtals 205 m.kr. í styrki til atvinnuskapandi verkefna á sviði minjaverndar. Um var að ræða 24 verkefni um land allt og var Minjastofnun Íslands falið að annast gerð samninga vegna styrkjanna, annast útgreiðslu þeirra og hafa eftirlit með framkvæmd verkefnanna. Vinna við framkvæmdir flestra þeirra hófst á árinu 2014 og mörg þeirra stóðu enn yfir í árslok.




*Ungó, hús leikfélags
Dalvíkur, fékk styrk frá
forsætisráðuneytinu til
viðgerða á steiptum
útveggjum og
endurnýjunar glugga í
upprunalega gerð.*


4. Rannsóknir og miðlun

4.1 Rannsóknir

Alls voru veitt 43 leyfi til fornleifarannsóknna sem hafa jarðrask í för með sér en tveimur umsóknum var hafnað.



Dreifing rannsókna á landinu var nokkuð jöfn nema að einungis ein rannsókn fór fram á Austurlandi og engin á Vestfjörðum. Þetta er sláandi, sérstaklega þar sem stóran hluta árs vantaði minjavörð á Austurland og allt árið og árið þar á undan á Vestfirði og sýnir skýrt þörfina á minjaverðir séu staðsettir í öllum landshlutum.



Lista yfir veitt leyfi má finna á [heimasíðu Minjastofnunar](#).

4.2 Miðlun

Starfsmenn Minjastofnunar skrifuðu sem fyrr greinar í innlend og erlend tímarit og bækur, héldu fyrirlestra og kenndu á ýmsum námskeiðum. Skrá um fyrirlestra, greinar og slíkt má finna undir Gagnasafn á heimasíðu Minjastofnunar (www.minjastofnun.is).

4.2.1 Kortavefsjá

Unnið var að endurbótum á kortavefsjá Minjastofnunar og gagnagrunni að baki henni, sem miða meðal annars að því að auðvelda og einfalda skil gagna frá þeim sem starfa að fornleifaskráningu inn í grunninn. Er áætlað að þessar breytingar muni komast í gagnið haustið 2015.

4.2.2 Útgáfa


Fréttabréf

Minjastofnun gaf á árinu út tvö rafræn fréttabréf, mæltist það vel fyrir og er stefnt að því að fjölga slíkum fréttabréfum og að út komi að jafnaði 10 – 12 fréttabréf á ári.

Gagnavarsla fornleifarannsóknna í Evrópu. Staðall og leiðbeiningar um bestu starfsvenjur

Nú hefur ritið Gagnavarsla fornleifarannsóknna í Evrópu. Staðall og leiðbeiningar um bestu starfsvenjur verið gefið út og þýtt meðal annars á íslensku. Ritinu er ætlað að verða alþjóðlegur staðall fyrir sköpun og skipulagningu upplýsinga um fornleifar og meðhöndlun og geymslu á gripum og sýnum. Staðlarnir, sem ARCHES-verkefnið leggur fram, munu gera það auðveldara að deila upplýsingum á alþjóðlega vísu og efla gagnkvæman skilning á eðli og mikilvægi fornleifafræðilegra upplýsinga. Þeir munu einnig auðvelda fornleifafræðingum að vinna í öðrum löndum, sem er frábær leið til að skiptast á nýjum hugmyndum um rannsóknir á fortíð okkar.

ARCHES-verkefnið (Archaeological Resources in Cultural Heritage, a European Standard) er samstarfsverkefni átta aðila frá sjö löndum auk Minjastofnunar Íslands: Belgíu, Tékklandi, þýsku ríkjunum Baden-Württemberg og Sachsen-Anhalt, Hollandi, Svíþjóð, Sviss og Bretlandi. Verkefnið er styrkt af Menningarsjóði Evrópubandalagsins (European Union Culture Fund) og stutt af Europeae Archaeologiae Consilium (EAC).




5. Inn- og útflutningur menningarminja

Um skilyrði til leyfisveitinga vegna útflutnings menningarminja er fjallað í 44. til 50. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Skylt er að senda umsóknir um leyfi til útflutnings til Minjastofnunar, en þar til gerð eyðublöð og nánari upplýsingar má finna á heimasíðu stofnunarinnar <http://www.minjastofnun.is/minjar/utflutningur-menningarverdmaeta/>.



Alls bárust 25 umsóknir um leyfi til útflutnings menningarverðmæta.




Tilgangur laga um skil menningarverðmæta til annarra landa nr. 57/2011 er að tryggja skil á menningarverðmætum hafi þau verið flutt til Íslands með ólögmætum hætti. Minjastofnun Íslands tekur við kröfum um skil menningarminja frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í öðrum ríkjum og skal hafa náið samstarf og samráð við þau stjórnvöld svo og við fjölþjóðlegar stofnanir er láta sig þau mál varða. Þá skal stofnunin leitast við að upplýsa um vörslustaði menningarminja sem fluttar hafa verið til landsins án leyfis sé það kunnugt. Skulu lögreglufirvöld aðstoða við þá leit ef þörf er á. Tollyfirvöld eiga tafarlaust að tilkynna Minjastofnun Íslands um menningarminjar sem reynt hefur verið að flytja ólöglega til landsins. Engin slík mál komu upp á árinu 2014.

6. Umhverfi og skipulag

Eitt af mikilvægustu verkefnum Minjastofnunar Íslands er eftirlits- og umsagnarhlutverk stofnunarinnar varðandi ýmiskonar framkvæmdir. Þá er um að ræða allt frá breytingum á friðuðum og friðlýstum húsum að mati á umhverfisáhrifum stórra byggingarframkvæmda og skipulagi sveitarfélaga.



Í 29.–30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 er kveðið á um að ekki megi breyta, rífa eða flytja friðlýst hús eða hús sem byggð voru 1925 eða fyrr og kirkjur sem reistar voru 1940 eða fyrr nema leita álits Minjastofnunar Íslands.



Þessu til viðbótar veittu starfsmenn Minjastofnunar fjölda húseigenda, arkitekta, byggingarfulltrúa og fleiri aðilum ýmsa ráðgjöf og upplýsingar um fornleifar, hús og mannvirki víðs vegar um landið.

7. Verndun og friðlýsingar

7.1 Úttektir á sviði húsverndar

Á árinu voru ýmsar úttektir á sviði húsverndar gerðar af starfsfólki stofnunarinnar. Dreifðust slíkar vettvangsferðir yfir árið frá júní og fram í nóvember. Farið var vítt og breitt um landið en viðamiklar vettvangsferðir voru farnar til Vestfjarða, Austurlands og um Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð. Voru ferðirnar farnar til að skoða ýmis verkefni á sviði húsverndar, friðlýst hús og verkefni sem hlutu styrk frá forsætisráðuneytinu 2013. M.a. var viðgerð á Þykkvabæjarklausturskirkju í Álftaveri skoðuð, endurbygging gamla bæjarins í Múlakoti í Fljótshlíð og Aðalstræti 16 í Bolungarvík var tekið út með tilliti til framtíðar og varðveislu hússins. Fór Pétur H. Ármannsson í allar úttektirnar og voru aðrir starfsmenn stofnunarinnar, meðlimir húsafriðunarnefndar eða aðrir fagmenn með honum í sumum tilvikum.



*Endurbygging Múlakots
í Fljótshlíð, Rangárþingi
eystra.*

7.2 Friðlýsingar

Í mars 2014 friðlýsti forsætisráðherra fyrstu húsin samkvæmt lögum nr. 80/2012 sem tóku gildi 1. janúar 2013. Þá voru Bæjarbíó, Strandgötu 6 í Hafnarfirði, íbúðarhús séra Valdimars Briem á Stóra-Núpi í Gnúpverjahreppi og sumarhús Einars Jónssonar myndhöggvara á Galtafelli í Hrunamannahreppi friðlýst.

- Friðlýsing **Bæjarbíós** (byggt 1942) tekur til innréttinga í anddyri, forsalar og bíósalar.
- Ytra byrði **íbúðarhússins á Stóra-Núpi** (byggt 1896) var friðlýst ásamt upprunalegum innréttingum sem varðveist hafa í húsinu.
- Friðlýsing **Galtafells** (byggt 1923) nær til ytra borðs og innréttinga hússins.

Síðar á árinu friðlýsti forsætisráðherra eftirtalin átta hús og mannvirki til viðbótar að tillögu Minjastofnunar:

- **Hreppslaug í Skorradalshreppi:** Friðlýsingin tekur til steinsteypts hluta hins upphaflega laugarmannvirkis en nær ekki til seinni tíma breytinga eða þjónustuhúss.
- **Múlakot í Fljótshlíð, Rangárþingi eystra:** Friðlýsingin tekur til staðarins í heild innan afmarkaðs svæðis, gamla íbúðar- og gistihússins og annarra uppistandandi staðarhúsa, rústa útihúsa og annarra fornminja, garðsins framan við húsið og lystihússins í garðinum.
- **Kárastaðir í Þingvallasveit, Bláskógabyggð** (byggðir 1925): Friðlýsingin tekur til ytra borðs, sambyggðs hlaðins útihúss og upprunalegra innréttinga gamla íbúðarhússins.
- **Salur í bakálmum hins friðlýsta húss að Thorvaldsensstræti 2 í Reykjavík (Nasa)** (byggt 1878, viðbygging til vesturs 1946): Friðlýsingin tekur til innviða, rýmisskipunar og varðveittra hluta af upprunalegum innréttingum.
- **Bergstaðastræti 70 í Reykjavík** (byggt 1959): Friðlýsingin tekur til ytra borðs hússins. Ákveðið var að friðlýsa húsið í tilefni þess að árið 2014 voru liðin 100 ár frá fæðingu Skarphéðins Jóhannssonar arkitekts, en hann hannaði húsið.
- **Hallgrímskirkja í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd** (byggð 1954–57): Friðlýsingin tekur til ytra borðs kirkjunnar og kirkjuskips. Ákveðið var að friðlýsa kirkjuna í tilefni þess að árið 2014 voru liðin 400 ár frá fæðingu sr. Hallgríms Péturssonar.
- **Vatneyrarbúð, Aðalstræti 1 á Patreksfirði** (byggð 1916): Friðlýsingin nær til ytra borðs hússins.
- **Þingvallabær í Þingvallasveit, Bláskógabyggð** (byggður 1929–1930): Friðlýsingin tekur til ytra borðs bæjarins.

7.3 Tillögur um friðlýsingu

Hafinn var undirbúningur að tillögum til ráðherra um friðlýsingu eftirtalinna mannvirkja:

- Eldri byggð timburhúsa við Ingólfstorg og Vallarstræti í Reykjavík, Hafnarstræti 4 (vesturhluti), Austurstræti 3, Austurstræti 4, Veltusund 3B, Vallarstræti 4 og Aðalstræti 7. Tillaga Minjastofnunar um friðlýsingu ytra borðs.
- Eldri hluti Bryggjuhúss, Gömlu búðar og Fischershúss í Keflavík. Tillaga Minjastofnunar um friðlýsingu í framhaldi af erindi Reykjanesbæjar, eiganda húsanna.
- Gamli barnaskólinn á Bíldudal. Tillaga Minjastofnunar um friðlýsingu hússins.
- Gamla íbúðarhúsið á Breiðabólssstöðum á Álftanesi. Tillaga Minjastofnunar um friðlýsingu hússins.
- Gamla bæjartorfan á Hvanneyri. Tillaga Minjastofnunar um friðlýsingu húsa, búsetuminja og menningarlandslags innan tiltekinna marka.

- Fríkirkjuvegur 11, tillaga Minjastofnunar um breytta skilmála friðlýsingar er taki til tiltekinna hluta innra borðs hússins.
- Húsmæðraskólinn á Hallormsstað. Tillaga Minjastofnunar um friðlýsingu ytra borðs hússins og merkra innréttinga, með fyrirvara um seinni tíma múrklæðningu.
- Ísólfskáli við Stokkseyri, sumarhús Páls Ísólfssonar, dómsorganista og tónskálds. Teiknað af Gunnari Hanssyni arkitekt. Tillaga Minjastofnunar um friðlýsingu á sumarhúsinu ásamt hlöðnum görðum á lóð.
- Ármúli I við Ísafjarðardjúp, íbúðarhús frá 1875, um tíma heimili Sigvalda Kaldalóns, læknis og tónskálds. Tillaga Minjastofnunar um friðlýsingu hússins vegna menningarsögulegs gildis.

Á fundi 12. desember mælti húsafriðunarnefnd með friðlýsingu innréttinga Fatabúðarinnar, Skólavörðustíg 21, og verslunarhússins Hafnarstræti 19 í Reykjavík sem sótt hefur verið um að brjóta niður og endurbyggja með svipuðu útliti. Unnið er að tillögu fyrir nýja eigendur Skólavörðustígs 21 þar sem gert er ráð fyrir varðveislu innréttingarinnar á sínum upprunastað.




*Kárastaðir í
Þingvallasveit,
Bláskógabyggð.
Friðlýstir í júlí 2014.*

7.4 Endurskoðun friðlýsingarskrár

Áfram var unnið að skráningu friðlýstra minja á árinu, en sú vinna er liður í endurskoðun friðlýsingarskrárinnar. Í október fóru starfsmenn Minjastofnunar í leiðangur um Rangárvallasýslu þar sem mældar voru upp 182 fornleifar á 45 friðlýstum minjastöðum. Í framhaldi af þeirri ferð var ákveðið að setja saman átaksverkefni með það að markmiði að ljúka skráningu friðlýstra minjastaða á Suðurlandi annars vegar og á höfuðborgarsvæðinu og á Reykjanesi hins vegar. Var leitað eftir tilboðum í verkefnið og fór svo að ráðnir voru tveir aðilar til verksins. Var annars vegar gengið til samninga við Fornleifastofnun Íslands ses. um skráningu friðlýstra minjastaða á Suðurlandi, en hins vegar var samið við Antikva ehf. um að ljúka skráningu minja á höfuðborgarsvæðinu og á Reykjanesi. Er áætlað að báðum þessu verkefnum muni ljúka á vormánuðum 2015.

Á minjasvæði Vesturlands voru mældar upp sjö minjar á fjórum jörðum. Að auki voru allar minjar á og við þessa friðlýstu staði mældar upp. Lögð var áhersla á að finna þær minjar sem eftir á að mæla upp og safna saman heimildum um þær. Unnið er að ritun skýrslna um friðlýstar minjar í Borgarfjarðar-, Mýra-, og Dalasýslum, en þar er svo gott sem búið að mæla upp allar friðlýstar minjar sem enn eru sýnilegar á þeim svæðum.

Á minjasvæði Norðurlands eystra voru mældar upp minjar á fimm stöðum og hafa þá 48 friðlýstir minjastaðir af 60 á svæðinu verið mældir upp.



Uppmæling friðlýstra minja í Guttormshaga í Holtum, Rangárþingi ytra.

8. Samstarfsverkefni

Minjastofnun Íslands tekur þátt í fjölda innlendra og erlendra samstarfsverkefna með öðrum stofnunum, félagasamtökum og einstaklingum.

8.1 Innlend verkefni

8.1.1 Samvinna

Húsverndarstofa er samvinnuverkefni Minjastofnunar Íslands, Borgarsögusafns og Iðunnar fræðsluseturs. Veitt er gjaldfrjáls ráðgjöf vegna eldri húsa og sitja þar arkitektar á vegum Minjastofnunar og Borgarsögusafns fyrir svörum alla miðvikudaga kl.15–17 og einnig í síma á sama tíma. Ekki þarf að panta tíma heldur einungis mæta á staðinn. Bókasafn er á staðnum með ýmsum fróðleik sem gestum er velkomið að glugga í og einnig gefst kostur á að skoða sýningu er segir sögu byggingartækninnar. Húsverndarstofa er vettvangur þar sem hægt er að leita sér upplýsinga áður en hafist er handa við viðgerðir á eldri húsum, hvort heldur sem er fyrir eigendur eða hönnuði og smíði er koma að verkinu.

Aðsókn í húsverndarstofu er nokkuð jöfn yfir árið þó að greinilega megi finna að fyrirspurnum fjölgar í kringum þann tíma sem umsóknarfrestur er í húsafriðunarsjóð og einnig í húsverndarsjóð Reykjavíkurborgar. Í desember og janúar reyndist dræm aðsókn og því hefur verið lokað þessa tvo mánuði ár hvert. Hægt er að fylgjast með opnunartíma á heimasíðum þeirra er koma að húsverndarstofu.



Húsverndarstofa hefur aðsetur í Árþjáarsafni (opnunartíma má sjá á heimasíðum Árþjáarsafns og Minjastofnunar Íslands).

Undir lok árs gerðu Minjastofnun Íslands og Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma (Hólavallagarður) með sér samkomulag um að starfsmaður kirkjugarðanna tæki að sér yfirfærslu skráningargagna úr garðinum úr Word-skrám í Excel í þeim tilgangi að auðvelda flutning þeirra í gagnagrunn.

8.1.2 Kirkjur Íslands

Í maí 2014 kom út 23. bindið í ritröðinni *Kirkjur Íslands*, þar sem fjallað er um allar friðaðar kirkjur á Íslandi frá sjónarhóli byggingarlistar, stílfræði og þjóðminjavörslu. Í máli og myndum er fjallað um tvö meginumfjöllunarefni: annars vegar hið varðveitta mannvirki, byggingarlist þess og sögu, og hins vegar kirkjugripi og minningarmörk, list þeirra og sögu. Frá upphafi hafa Húsafríðunarnefnd ríkisins, nú Minjastofnun Íslands, Þjóðminjasafn Íslands og Biskupsstofa, í samvinnu við Hið íslenska bókmenntafélag, staðið að útgáfunni auk annarra samstarfsaðila.

Í þessu bindi er fjallað um tíu friðaðar kirkjur í Skaftafellsprófastsdæmi, sem nú er hluti af nýju Suðurprófastsdæmi. Að útgáfu þessa bindis standa Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Suðurprófastsdæmi auk Minjastofnunar Íslands, Biskupsstofu og Þjóðminjasafns. Ritnefnd skipuðu þau Agnes M. Sigurðardóttir biskup, Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands, Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður og Þorsteinn Gunnarsson arkitekt, sem, auk þess að vera formaður nefndarinnar, er ritstjóri verksins ásamt Jóni Torfasyni.


Í tilefni útgáfunnar var efnt til málstofu og sýningar í Hótel Eddu Skógum föstudaginn 20. júní 2014. Þar fjallaði Þorsteinn Gunnarsson arkitekt og ritstjóri um verkefnið í heild sinni, Þórður Tómasson safnvörður í Skógum fræddi gesti um guðshús í Mýrdal, Guðmundur L. Hafsteinsson arkitekt og safnvörður húsasafns Þjóðminjasafns ræddi um friðaðar kirkjur í Skaftafellsprófastsdæmi og Freyja Hlíðkvist Ómarsdóttir sérfræðingur í munasafni Þjóðminjasafns fjallaði um nokkra gripi, forna og nýja, í kirkjum í Skaftafellsprófastsdæmi. Fundarstjóri var Sverrir Magnússon framkvæmdastjóri Byggðasafnsins í Skógum.

Nánari upplýsingar um verkefnið og útgefin bindi má finna á [heimasíðu Minjastofnunar](#).

8.1.3 Nefndir

Minjastofnun Íslands á fasta fulltrúa í kirkjugarðaráði, Breiðafjarðarnefnd og ráðgjafarnefnd Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Forstöðumaður er fulltrúi stofnunarinnar í kirkjugarðaráði og í ráðgjafarnefnd Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls þar sem minjavörður Vesturlands er varamaður. Minjavörður Vesturlands er fulltrúi stofnunarinnar í Breiðafjarðarnefnd og er Agnes Stefánsdóttir varamaður. Minjavörður sat sex nefndarfundi á árinu. Minjavörður Vesturlands er auk þess þátttakandi í vinnuhópi um mótun svæðisskipulags fyrir svæðisgarð á Snæfellsnesi.



8.2 Erlend verkefni

Evrópuverkefnið *LoCloud*, sem Minjastofnun Íslands tekur þátt í, er nú á öðru ári af alls þremur. Verkefnið mun kanna möguleika á ský-tækninni til að safna saman staðbundnu stafrænu efni. Það mun einnig þróa ýmsa sérþjónustu, t.d. til að auðga upplýsingar um staðsetningar og lýsigögn, fjöltyngd orðasöfn um staðbundna sögu og fornleifafræði og fleira. Starfsmaður Minjastofnunar fór á einn fund á árinu, 22.–25. október í Bordeaux í Frakklandi.

Minjavörður Suðurlands er í norræna samstarfshópnum *CERCMA – Cultural Environment as Resource in Climate Change Mitigation and Adaptation*, sem fjallar um hættuna er steðjar að menningararfinum vegna loftslagsbreytinga. Snemmvors fór hann til Helsinki í Finnlandi á CERCMA-ráðstefnu og hélt þar fyrirlestur um hugsanlegar mótvægisáðgerðir vegna loftslagsbreytinga í minjavernd á Íslandi. Einnig var unnið í hópum að skyldum málefnum. [Skýrsla](#) kom út á vegum Norrænu Ráðherranefndarinnar undir lok vetrar 2014.

Minjastofnun Íslands á fulltrúa í stjórn *EAC – European Archaeological Council*, samtökum stjórnsýslustofnana sem bera ábyrgð á fornleifaarfinum. Stjórnarfundir eru haldnir þrisvar sinnum á ári auk aðalfundar og ráðstefnu einu sinni á ári.

Fulltrúi Minjastofnunar mætti á stjórnarfund í Brussel 31. janúar–1. febrúar auk þess sem stofnunin skipulagði fund í Stykkishólmi 13.–14. júní. Aðalfundur og ráðstefna EAC var að þessu sinni haldinn í mars í Amersfoort í Hollandi, með yfirskriftina *Setting the Agenda: Giving new meaning to the European archaeological heritage*.

Tilnefning víkingaminja á Heimsminjaskrá UNESCO var afhent Heimsminjaskrifstofunni í París þann 29. janúar en Agnes Stefánsdóttir hefur verið verkefnisstjóri verkefnisins fyrir hönd Minjastofnunar Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Forstöðumaður Minjastofnunar Íslands situr árlega fundi *þjóðminjavarða Norðurlandanna* og fundi *forstöðumanna minjastofnana Evrópu (European Heritage Heads Forum)*.

Fundur þjóðminjavarðanna árið 2014 var haldinn í Olavlinna í Finnlandi.


Meginþema fundarins var skilgreining á fornminjum, sérstaklega m.t.t. tímamarka. Hvenær verða minjar fornleifar? Einnig var fjallað um framkvæmdarannsóknir.

Fundur forstöðumanna minjastofnana Evrópu var haldinn í Leuven í Belgíu. Þema fundarins að þessu sinni var: *Cultural Heritage in Urban Context: threats and opportunities*.

Minjastofnun Íslands sér um samstarf við Evrópuráðið fyrir Íslands hönd vegna *Menningarminjadagsins* (e. European Heritage Days eða EHD).

Menningarminjadagurinn er einhver fjölsóttasti menningarviðburður í heimi, en árlega taka þátt í honum um 20 milljón manns um gjörvalla Evrópu.

Menningarminjadagurinn fór ekki fram á Íslandi árið 2014. Þó sendi Minjastofnun fulltrúa á aðalfund í október í Bakú í Aserbaídsjan þar sem þjóðarfulltrúar allra þátttökulanda auk fulltrúa Evrópuráðsins og Evrópusambandsins hittust. Á þeim fundi var fulltrúi Íslands kosinn í stýrihóp EHD og tekur Ísland þátt í viðburðinum næsta sumar. Þema næsta Menningarminjadags er „arfur verkmenningar“ eða „Industrial Heritage“.



Ráðstefnurit EAC fyrir ráðstefnuna 2013 kom út á árinu.

Á árinu var ákveðið að blása lífi í *Herein*, samstarf stjórnsýslustofnana á sviði minjavörslu í Evrópu. *Herein* er netverk sem heyrir undir Evrópuráðið og er hugsað sem upplýsingabanki um lög og stjórnsýslu menningarminja í Evrópu. Nánari upplýsingar má finna á [heimasíðu Herein](#).

Minjastofnun Íslands hefur tekið þátt í samnorrænu verkefni er snýr að *menningararfi og vistkerfisþjónustu (ökosystemtjenester)* ásamt Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Verkefnið er styrkt af Norrænu ráðherranefndinni (Nordisk ministerråd).

Verkefnið hefur verið á dagskrá frá árinu 2012 og markmiðið hefur verið að líta á vistkerfisþjónustu frá ýmsum sjónarhornum og meta þessa þjónustu út frá menningararfi okkar og hvernig þessir tveir þættir geta tvinnast saman. Upphaflega var Þór Hjaltalín sviðstjóri og minjavörður Norðurlands vestra fulltrúi Minjastofnunar vegna verkefnisins en vorið 2014 tók Gunnþóra Guðmundsdóttir arkitekt við keflinu. Haldnir voru fundir í Noregi í mars 2014 og um miðjan nóvember sama ár.

Verkefninu lýkur með gerð skýrslu vorið 2015.



*Stjórn EAC í
skoðunarferð um
Snæfellsnes eftir fund í
Stykkishólmi. Lilja Björk
Pálsdóttir
fornleifafræðingur segir
frá rannsóknum að
Gufuskálum í
Snæfellsbæ.*

9. Minjasvæðin

Skrifstofur minjavarða Minjastofnunar Íslands eru vettvangur og miðstöð minjavörslunnar í héraði. Þar er hægt að leita sér upplýsinga um fornleifar, hús og minjamál á svæðinu og fá leiðbeiningar um hvaðeina er varðar minjar og skipulag, framkvæmdir, nýtingu, miðlun, rannsóknir og varðveislu fornleifa, húsa og annarra mannvirkja. Hér að neðan er sagt frá helstu málum, öðrum en lögbundnum afgreiðslumálum, sem komu upp bæði að frumkvæði minjavarða og heimamanna á hverju minjasvæði.

9.1 Reykjavík og nágrenni



Á vormánuðum fór starfsfólk Minjastofnunar í skoðunarferð um Hólavallagarð í Reykjavík undir leiðsögn umsjónarmanns garðsins, Heimis Janusarsonar, og eiginkonu hans, Sólveigar Ólafsdóttur.

Fyrir stofnun Minjastofnunar 2013 var minjavarsla Reykjavíkur í höndum borgarminjavarðar á Árbæjarsafni í Reykjavík. Með nýjum lögum um menningarminjar 80/2012 færðist umsjón menningarminja á umræddu svæði yfir til Minjastofnunar. Árið 2014 var settur minjavörður yfir Reykjavík og nágrenni, Gunnþóra Guðmundsdóttir arkitekt.

Ýmislegt hefur borið á góma á höfuðborgarsvæðinu og eru verkefnin af ýmsum toga. Mál er tengjast húsum og mannvirkjum hafa vegið þungt á þessu svæði og samfara framkvæmdum hefur þurft að ráðast í rannsóknir er tengjast fornleifum á höfuðborgarsvæðinu. Þessi auknu umsvif má tengja við þá uppbyggingu sem á sér stað nú vegna aukins fjölda ferðamanna. Fyrir sum hús hefur það verið ákveðin trygging hvað varðar varðveislu þeirra og framtíðarhlutverk. Má þar nefna hið friðlýsta hús Reykjavíkurapótek við Austurstræti, byggt á árunum 1916–1918 eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar arkitekts og húsameistara ríkisins. Hefur það nú fengið nýtt hlutverk sem hótél en jafnframt er búið að gera það upp og hefur það tekist með eindæmum vel.

Farið var í framkvæmdarannsókn á lóðinni við Vesturgötu 5B en fyrirhugað er að koma þar fyrir Gröndalshúsi, byggðu árið 1882, er áður var Vesturgata 16B. Fleiri rannsóknir voru gerðar í miðbænum, t.a.m. könnunarskurðir sem teknir voru vegna framkvæmda í Pósthússtræti. Var m.a. tekinn skurður þar sem norðurendi bryggju frá árinu 1887 var talinn vera og kom hann fljótlega í ljós þegar farið var að grafa.

Deiliskipulag hefur einnig verið á borðum Minjastofnunar þar sem mikil uppbygging er við miðbæ Reykjavíkur vegna þéttingar byggðar. Þarf þar að gæta að þeim húsum er falla undir lög um menningarminjar og hugsanlegum fornleifum í jörðu.

9.2 Reykjanes



Sjóhús og fleiri minjar tengdar sjósókn frá Lambastöðum í Garði. Gert var út frá Lambastaðavör langt fram á 20. öld.

Frá því að landinu var skipt upp í minjasvæði hefur minjasvæði Suðurnesja verið þjónað frá aðalskrifstofu Minjastofnunar Íslands, áður Fornleifaverndar ríkisins, í Reykjavík. Agnes Stefánsdóttir var í mörg ár í forsvari fyrir minjasvæðið innan stofnunarinnar. Á árinu varð sú breyting að Kristinn Magnússon tók við hlutverki Agnesar.

Í Grindavíkurbæ eru tveir merkir minjastaðir sem fengið hafa aukna athygli á síðustu árum. Í Húshólma í Ögmundarhrauni eru leifar bæjar og kirkju sem ekki hurfu með öllu undir hraunið þegar það rann árið 1151. Vestan við Húshólma eru Selatangar við ströndina. Þar eru leifar verbúða, fiskbyrgja, fiskgarða og annars sem tengist verstöðinni sem þar var. Síðast var róið frá Selatöngum árið 1884, en selveiðar voru stundaðar nokkur ár eftir það. Grindavíkurbær lét í samstarfi við Minjastofnun Íslands og Reykjanes jarðvang búa til skilti sem komið verður upp á þessum minjastöðum. Göngustígar verða einnig lagfærðir til að auðvelda aðgengi að stöðunum.

Ráðist var í fjórar fornleifarannsóknir á Suðurnesjum. Tvær þeirra tengdust framkvæmdum. Haft var framkvæmdaefirlit með gerð göngustígs í landi Lónshúsa í Garði og á Stóra-Knarrarnesi á Vatnsleysuströnd voru grafnar upp leifar af vatnsbrunni sem heimildir bentu til að þar hefði verið. Rannsóknin fór fram í tengslum við gerð sjóvarnargarðs í fjöruborðinu neðan við bæjarstæði Stóra-Knarrarness. Sólveig G. Beck stóð fyrir þriðju rannsókninni en hún fólst í því að kanna hvort tiltekin mannvirki á Reykjanesi gætu hafa tengst umsvifum þýskra kaupmanna á nesinu á síðmiðöldum. Loks var haldið áfram með

rannsókn í Vog í Höfnum. Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur hefur stjórnað uppgrefti þar síðan 2003 og m.a. fundið leifar skála. Bjarni hefur sett fram þá tilgátu að í Vog hafi verið útstöð frá Norður-Evrópu sem komið var upp skömmu fyrir hið eiginlega landnám á Íslandi.

Í lok árs var skipað í [minjaráð Suðurnesja](#).

9.3 Vesturland



Uggi Ævarsson,
minjavörður
Suðurlands, tekur sýni í
hellinum Leyni á
Snæfellsnesi.

Ekki var mikið um uppgrefti á Vesturlandi árinu. Lilja Pálsdóttir hélt áfram með rannsókn sína á Gufuskálum, Fornleifastofnun Íslands ses. var með rannsókn á Katanesi vegna fyrirhugaðra framkvæmda við kísilverksmiðju og Steinunn Kristjánsdóttir stóð fyrir tveimur litlum rannsóknum, annars vegar á Helgafelli í Helgafellssveit og hins vegar í Hítardal.

Síðari hluta júní fór minjavörður Vesturlands ásamt minjaverði Suðurlands í rannsóknarleiðangur í helli með mannvistarleifum sem fannst fyrr á árinu í Þjóðgarðinum á Snæfellsnesi. Voru þar tekin sýni til aldursgreiningar.

Um sumarið stjórnaði minjavörður hópi erlendra sjálfboðaliða á vegum Þjóðgarðsins við viðgerð á Írskrabyrgi á Gufuskálum.

Í júlí stóðu minjavörður Vesturlands og minjavörður Norðurlands eystra fyrir námskeiði í fornleifaskráningu í Súgandafirði í samstarfi við Fornminjafélag Súgfirðinga.

Í lok júlí var haldin Sturluhátíð í Tjarnarlundi í Saurbæ. Við lok hátíðarinnar fór minjavörður með hátíðargesti að Staðarhóli þar sem hann kynnti staðinn og hugsanlegar rannsóknir sem þar gætu farið fram.

Um haustið voru mældar upp minjar og hnitsettar á Hvanneyri vegna tilvonandi friðlýsingar Hvanneyrartorfunnar.

Í nóvember var skipað í [minjaráð Vesturlands](#) á sama tíma og Minjastofnun hélt landsbyggðarfundum um stefnumótun í minjavernd. 11. nóvember var haldinn minjaráðsfundur í Menntaskólanum í Borgarnesi og strax að honum loknum var haldinn almennur fundur um stefnumótun.

9.4 Vestfirðir



Aðalgata 16 í
Bolungarvík.

Enginn minjavörður var á Vestfjörðum árið 2014 og sáu minjaverðir Vesturlands og Norðurlands vestra um að afgreiða þau mál sem upp komu á svæðinu.

Um veturinn höfðu áhugamenn frá Fornminjafélagi Súgfirðinga samband við Minjastofnun og óskuðu eftir samstarfi og leiðsögn varðandi kortlagningu minja á Vestfjörðum. Töluverð umræða fór fram um það með hvaða hætti áhugamannafélög um fornleifar geta lagt minjaverndinni lið. Í febrúar var haldinn kynningar- og hvatningarfundur í Holti í Önundarfirði og svo á Suðureyri þar sem minjavörður gerði grein fyrir starfsemi MÍ, kortlagningu minja og möguleikum á nýtingu þeirra. Voru báðir þessir fundir vel sóttir og greinilega hugur í Vestfirðingum um stofnun áhugamannafélaga um varðveislu fornleifa. Í framhaldinu hélt Minjastofnun námskeið um skráningu fornleifa fyrir áhugafólk.

Um sumarið gerðist sá fáheyrði atburður að friðað hús, Aðalgata 16 í Bolungarvík, var stórskemmt með gröfu í skjóli nætur. Mun ástæðan hafa verið sú að ekki hefur fengist heimild til að rífa bygginguna og er að sjá að einhverjir bæjarbúar séu ekki alls kostar sáttir við þá stöðu mála. Málið fékk mikla umfjöllun í fjölmiðlum og var í kjölfarið haldið opið málþing í bænum um varðveislu gamalla húsa og um byggingararf Bolungarvíkur. Var þingið fjölmennt og hélt m.a. minjavörður erindi þar um húsvernd. Minjastofnun hefur kært skemmdarverkið til lögreglu og rekur lögfræðistofan LOGOS málið fyrir hönd stofnunarinnar. Málinu er ekki lokið.

Í lok nóvember var skipað í minjaráð Vestfjarða og var fyrsti fundur þess haldinn 22. nóvember.

9.5 Norðurland vestra



*Framkvæmdarannsókn
að Hamri í Hegranesi í
Skagafirði.*

Minjavörður Norðurlands vestra hafði sem fyrr aðsetur í Villa Nova á Sauðárkróki en minjasvæðið nær yfir Skagafjarðar- og Húnavatnssýslur ásamt hinum forna Bæjarhreppi í Strandasýslu þar sem sá hreppur hefur nú sameinast Húnaþingi vestra. Minjavörður Norðurlands vestra hefur einnig sinnt starfi sviðsstjóra minjavarðasviðs, sem felst m.a. í því að samræma starfsemi minjavörslunnar hringinn í kringum landið. Í þeim tilgangi hafa minjaverðir haldið reglulega samráðsfundi.

Um vorið hafði bóndinn á Hamri í Hegranesi samband við Minjastofnun vegna byggingar bílskúrs og tengibyggingar við íbúðarhúsið á jörðinni. Eftir könnun minjavarðar á vettvangi var ljóst að byggingarreiturinn myndi taka yfir nyrsta hluta gamals bæjarhóls. Eftir að hreinsað var upp úr skurði sem þar var lá fyrir að töluverðar minjar voru í reitnum og býsna fornar. Bóndi taldi að færsla byggingarreitsins myndi hafa verulegan kostnaðarauka í för með sér og einnig rýra nýtingargildi mannvirkisins. Var niðurstaðan sú að heimila uppgröft minjanna og að minjavörður myndi leiðbeina bónda varðandi umsókn í fornminjasjóð. Fékkst styrkur úr sjóðnum og tók Byggðasafn Skagfirðinga að sér verkið. Í ljós komu leifar af 11. aldar skála og hefur rannsóknin verið gefin út í skýrslu.

Af öðrum verkefnum ársins má nefna undirbúning að stofnun minjaráða, en minjaverðir settust yfir það verk að semja drög að reglugerðarákvæði um starfsemi og skipan minjaráða. Minjavörður Norðurlands vestra kynnti reglur um ráðin á fundi með Sambandi sveitarfélaga á Norðurlandi vestra þá um sumarið en fyrsti minjaráðsfundur [minjaráðs Norðurlands vestra](#) var haldinn í nóvember í tengslum við stefnumörkunarvinnu fyrir MÍ. Á árinu var einnig unnið að því að finna lausn varðandi varðveislu á gamla íbúðarhúsinu að Hraunum í Fljótum, en um er að ræða eitt elsta hús í Skagafirði, frá 1873. Til stóð að flytja það af sínum upprunalega stað og fékk það töluverða athygli í

fjölmiðlum. Nú hefur hins vegar verið ákveðið að heimamenn varðveiti húsið á sínum stað. Á Þingeyrum fór fram fornleifarannsókn á vegum Steinunnar Kristjánsdóttur þetta sumar. Var m.a. ákveðið að verkið yrði unnið í nánú samráði við MÍ og að minjavörður yrði viðstaddur uppgröftinn þar sem friðlýstar minjar eru í næsta nágrenni.

9.6 Norðurland eystra



Uppgröftur á mannvirki á eyðibýlinu Skugga í Hörgárdal. Talið frá vinstri, Gísli Pálsson og Howell M. Roberts.

Verkefni á Norðurlandi eystra voru með svipuðu sniði og verið hefur undanfarin ár. Fjölgun var á umsögnum vegna skipulagsmála. Eðlilega er Akureyri með flest mál en þar á eftir er Skútustaðahreppur, enda hefur verið gífurleg aukning í ferðaþjónustu í sveitarfélaginu.

Fornleifarannsóknnum á Bakka við Húsavík lauk á árinu, en þær hófust sumarið 2012. Rannsóknir voru á athafnasvæði og svæðum þar sem fyrirhugað er að reisa mannvirki tengd PCC-SE.

Starfsmenn Minjastofnunar Íslands komu í kynnisferð um minjasvæðið dagana 10. og 11. september. Minjavörður kynnti helstu verkefni stofnunarinnar á svæðinu. Síðan var haldið í kynnisferð um Bárðardal og Mývatnssveit.

Skipað var í [minjaráð Norðurlands eystra](#) á árinu og var fyrsti fundur ráðsins haldinn 10. nóvember í tengslum við fund um stefnumótun í minjavernd.

9.7 Austurland



Jórvík í Breiðdal.

Nokkrar breytingar urðu á minjasvæði Austurlands árið 2014. Þann 1. september tók fornleifafræðingurinn Rúnar Leifsson til starfa sem nýr minjavörður svæðisins. Hann tók við af Ingu Sóleyju Kristjónudóttur sem hafði áður sinnt minjavörslu á Austurlandi frá árinu 2005. Auk þessara breytinga á starfsmannahaldi var minjasvæði Austurlands stækkað til suðvesturs. Sveitarfélagið Hornafjörður var fært frá minjasvæði Suðurlands og heyrir nú undir minjavörð Austurlands. Minjasvæðið nær því nú frá Vopnafirði í norðri allt suðvestur að Skeiðarársandi. Vel hefur gengið að skrá friðlýstar fornleifar á Austurlandi og er staðan sú að í lok árs 2014 er búið að staðsetja og mæla upp alla friðlýsta fornleifastaði að frátöldum fimm. Þeir staðir sem eftir standa eiga það sameiginlegt að vera annaðhvort torfundnir eða illaðgengilegir, en stefnt er að því að ljúka eigi að síður skráningu friðlýstra minja árið 2015. Sú stefna var mörkuð á minjasvæði Austurlands á árinu að koma á góðu samstarfi við stóra framkvæmdaaðila varðandi minjavernd. Í þessu skyni má helst nefna samkomulag sem var gert við Landsvirkjun um forvirkar aðgerðir til verndar minjum sem kunna að vera í hættu vegna landbrots við Lagarfljót vegna áhrifa Kárahnjúkavirkjunar. Athugað verður hvort landbrot hafi orðið á þeim stöðum sem metnir voru í mestri hættu í umhverfismati virkjunarinnar og einnig verður staðsetning núverandi árbakka mæld inn. Í framhaldi er hægt að gera áætlun um með hvaða stöðum þarf að fylgjast sérstaklega, hversu oft, og hvort grípa þurfi til frekari aðgerða til verndar minjastöðunum. Halda á reglulega fundi minnst einu sinni á ári þar sem farið er yfir stöðu mála og er það nú hluti af vinnulagi Landsvirkjunar að þegar þeim berast ábendingar um breytingar á umhverfi vegna virkjunarinnar, sem ógnað geta menningarminjum, er alltaf haft samband við minjavörð Austurlands. Þann 18. nóvember síðastliðinn var sett á laggirnar [minjaráð Austurlands](#).

9.8 Suðurland



Vígðalaug við
Laugarvatn eftir
viðgerð.

Minjavörður Suðurlands flutti í nýja skrifstofu í gamla Sandvíkurskólanum á Selfossi – Fjölheimum – og hefur nú aðsetur á 2. hæð þar sem öll aðstaða er til fyrirmyndar.

Á Selfossi var haldinn vel heppnaður opinn stefnumótunarfundur þar sem ýmsar hugmyndir urðu til og góðar hugmyndir voru lagðar fram. Einnig voru drög lögð að stofnun [minjaráðs Suðurlands](#) sem nú hefur tekið til starfa. Snemmsumars var Vígðalaug við Laugarvatn endurhlaðin og nærumhverfið lagað til. Guðjón Kristinsson hleðslumaður vann verkið, en það var fjármagnað með styrk sem Minjastofnun fékk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Skipulagsmál eru stór hluti af starfi minjavarðar sem fer á fyrirhugaða byggingarreiti og tekur þá út með tilliti til fornleifa. Á þeim ferðum hittir hann fólk úti um land til skrafs og ráðagerða.

Í haust var gerð tilraun til að bjarga Heiðarrétt á Síðu undan Skaftá sem er farin að renna ískyggilega nálægt réttinni. Grafin var renna í malareyri hinum megin við ána í þeirri von að áin myndi velta sér af meiri þunga á fjärbakkann. Ekki er komið í ljós hvernig framkvæmdin heppnaðist en að henni stóðu Fótspor, félagasamtök í Skaftárhreppi um sögu og minjar, Landgræðsla ríkisins og Minjastofnun.

Minjavörður fór í Skálholt fyrstu vikuna í september og kenndi nýnemum í fornleifafræði við Háskóla Íslands handtökin við uppgröft og fornleifaskráningu. Þegar leið á haustið kom í ljós grjóthleðsla, við framkvæmdir við Flosagjá á Þingvöllum, sem mun vera hluti af Kóngsveginum er lagður var 1906–07. Ekki tókst að grafa allan vegarhlutann fram fyrir frost. Miklar vangaveltur fóru af stað um það hvernig ætti að ganga frá mannvirkinu þannig að það fái að njóta sín án þess að laskast. Endanleg útfærsla bíður næsta vors.

10. Sjóðir

Úrvinnsla umsókna í fornminjasjóð og húsafriðunarsjóð fóru fram í byrjun árs og var tilkynnt um úthlutanir úr húsafriðunarsjóði 17. mars og úr fornminjasjóði 18. mars.

Sjóðirnir voru auglýstir í október fyrir umsóknir vegna ársins 2015.

10.1 Fornminjasjóður

Við úthlutun styrkja árið 2014 var tekið mið af úthlutunarreglum sem staðfestar voru af mennta- og menningarmálaráðherra 5. apríl 2013. Á fundi fornminjanefndar 20. maí var samþykkt að breyta reglunum lítillega og voru þær staðfestar í þeirri mynd af forsætisráðherra 4. júní (nr. 578/2014). Með breytingunni er nú vegna sérstakra aðstæðna heimilt að veita frest til greiðslu til loka næsta árs á eftir úthlutun, en ekki til 1. júní eins og eldri reglur kváðu á um. Vegna styrkúthlutunar árið 2014 var auglýst eftir umsóknum í lok október 2013 og rann umsóknarfrestur út 5. janúar 2014. Auglýst var í dagblöðum og á heimasíðu stofnunarinnar og sótt var um með rafrænum hætti á vef Minjastofnunar Íslands.

Alls bárust 68 umsóknir um styrki úr fornminjasjóði árið 2014. Sótt var um samtals 173.190.465 kr. en til úthlutunar að þessu sinni voru um 27.450.000 kr., að teknu tilliti til kostnaðar við umsýslu sjóðsins og starfa fornminjanefndar.



Tafla 10.1 Fjárhæðir í þús. króna.

	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrkja	Fornleifarannsóknir (uppgröftur /skráning)	Miðlun upplýsinga	Varðveisla og viðhald fornminja	Viðhald annarra menningarminja	SAMTALS STYRKIR
Reykjavík og nágrenni	5	2	0	0	900	350	1.250
Reykjanes	7	1	2.400	0	0	0	2.400
Vesturland	6	3	4.550	0	0	0	4.550
Vestfirðir	8	3	2.650	0	0	0	2.650
Norðurland vestra	4	2	800	0	0	0	800
Norðurland eystra	13	5	7.900	0	0	0	7.900
Austurland	3	0	0	0	0	0	0
Suðurland	10	1	3.000	0	0	0	3.000
	56	17	21.300	0	900	350	22.550
Fornleifarannsóknir (á landsvísi)	2	0					
Miðlun upplýsinga (ekki staðbundið)	5	1					1.000
Rannsóknir á forngripum	5	3					3.900
	12	4					
SAMTALS	68	21					27.450

Nánari upplýsingar um úthlutun ársins má finna á [heimasíðu Minjastofnunar](#).

10.2 Húsafriðunarsjóður

Við úthlutun styrkja árið 2014 var tekið mið af úthlutunarreglum sem staðfestar voru af mennta- og menningarmálaráðherra 25. febrúar 2013. Á fundi húsafriðunarnefndar 30. maí 2014 var samþykkt að breyta reglunum lítillega og voru þær staðfestar af forsætisráðherra sama dag (nr. 577/2014). Með

breytingunni er nú vegna sérstakra aðstæðna heimilt að veita frest til greiðslu til loka næsta árs á eftir úthlutun, en ekki til 1. júní eins og eldri reglur kváðu á um. Tekjur sjóðsins eru annars vegar framlag ríkissjóðs, sem kveðið er á um í fjárlögum, og hins vegar framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem nemur 150 kr. á hvern íbúa landsins.

Árið 2014 nam framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 49.143.000 kr. en framlag ríkissjóðs á fjárlögum var 57.100.000 kr. Þegar tekið hafði verið tillit til kostnaðar af starfsemi húsafríðunarnefndar og umsýslukostnaðar Minjastofnunar Íslands komu 92.550.00 kr. til úthlutunar, sem var veruleg lækkun frá fyrra ári.

Vegna styrkúthlutunar árið 2014 var auglýst eftir umsóknum um miðjan október 2013 og rann umsóknarfrestur út 1. desember 2013. Auglýst var í dagblöðum og héraðsfréttablöðum um land allt og sótt var um með rafrænum hætti á vef Minjastofnunar Íslands.

Alls bárust 262 umsóknir um styrki úr húsafríðunarsjóði, en veittir voru 147 styrkir. Samtals var sótt um ríflega 615 millj. króna.

Tafla 10.2 Fjárhæðir í þús. króna.

	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrkja	Friðlýstar kirkjur	Friðlýst hús	Friðuð hús og mannvirk i	Önnur hús og mannvirki	SAMTALS STYRKIR
Höfuðborgarsvæðið og Reykjanes	49	28	1.300	5.350	5.300	700	12.650
Vesturland	26	13	900	2.050	4.400	0	7.350
Vestfirðir	54	29	10.150	2.100	5.900	1.600	19.750
Norðurland	41	29	10.900	1.400	5.100	0	17.400
Austurland	41	26	4.800	5.000	6.700	1.000	17.500
Suðurland	32	15	10.300	1300	1.400	700	13.700
	243	140	38.350	17.200	28.800	4.000	88.350
Bæja- og húsakannanir	7	4					2.200
Rannsóknir og önnur verkefni	12	3					2.000
SAMTALS	262	147					92.550

Nánari upplýsingar um úthlutun ársins 2014 má finna á [heimasíðu Minjastofnunar](#).



11. Starfsmenn

Forstöðumaður

Dr. Kristín Huld Sigurðardóttir

Forstöðumaður

Skrifstofa

Esther Anna Jóhannsdóttir
Hanna Jóhannsdóttir

Fjármálastjóri
Ritari

Rannsókn- og miðlunarsvið

Agnes Stefánsdóttir
Ásta Hermannsdóttir
Guðlaug Vilbogadóttir
Oddgeir Isaksen

Sviðsstjóri (fornleifafræðingur)
Verkefnastjóri (fornleifafræðingur)
Sérfræðingur (fornleifafræðingur)
Deildarstjóri (fornleifafræðingur)

Umhverfis- og skipulagssvið

Gunnþóra Guðmundsdóttir
Kristinn Magnússon
Pétur Ármannsson

Sérfræðingur (arkitekt)
Verkefnastjóri (fornleifafræðingur)
Sviðsstjóri (arkitekt)

Minjavarðasvið

Magnús A. Sigurðsson
Rúnar Leifsson
Sigurður Bergsteinsson
Uggi Ævarsson
Þór Hjaltalín

Minjavörður Vesturlands
Minjavörður Austurlands
Minjavörður Norðurlands eystra
Minjavörður Suðurlands
Sviðsstjóri/Minjavörður Norðurlands vestra

Kirkjur Íslands

Þorsteinn Gunnarsson

Ritstjóri